

# Frumvarp til laga

um

**breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.**

(Lagt fyrir alþingi 1909).

1. liður 26. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum. Prestar í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eftir prestakallaskipunar-lögunum á sóknaskipun, mega kjósa um það, að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama er um presta í þeim prestaköllum, þar sem kostur er að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt um í lögum, og presturinn gengur að þeim breytingum. Sama er og ef presturinn er orðinn 60 ára að aldri.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Erindi frá biskupi er tilefni til lagafrumvarps þessa, og er markmið þess að bæta úr þeim misrjetti, sem þykir eiga sjer stað milli sextugra presta eftir ákvæðinu í niðurlagi 1. liðs 26. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta, eins og nú er það orðað, og er í því fólgin, að hlunnindi þau að mega kjósa um það að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum eða eftir nefndum lögum ná til sextugra presta, sem sitja í þeim prestaköllum, þar er kostur er að koma þegar á breytingum eftir hinum nýju prestakallaskipunar-lögum, þótt þeir gangi ekki að breytingunum. Aftur á móti verða þeir sextugir prestar ei hlunninda þessara aðnjótandi, sem sitja í prestaköllum, þar er hin nýja skipun, getur ekki á komist, þótt þeir gjarnan vildu. Með öðrum orðum: Prestur sextugur í prestakalli, sem breyting á að verða á eftir lögum, getur fengið laun sín eftir hinum nýju prestlaunalögum, ef breytingin kemst ekki á

fyrir þá sök eina, að hann vill ekki aðhyllast hana, en annar prestur sextugur, sem stendur eins á fyrir, getur ekki orðið aðnjótandi hinna sömu hlunninda, af því að breytingin kemst ekki á fyrir sakir hindrana, sem honum eru ósjálfráðar. Það leynir sjer ekki að þetta er ærið ósanngjarnt.

Ákvæði það, sem hjer er farið fram á að breyta, komst inn í frumvarpið til umræddra laga með breytingartillögu frá nefndinni í neðri deild allseint undir meðferð þess á þinginu, og hefir það eflaust ekki verið athugað nógu rækilega.

Það virðist ekki heldur nema sanngjarnt, að úr því farið var að bæta kjör prestanna yfirleitt, þá nái þessi bót á kjörunum til þeirra presta, sem hafa mjög langa þjónustu að baki sjer og hafa átt við fátækleg launakjör að húa, þótt skipun sú á prestaköllunum, sem breytingin á launakjörunum annars er bundin við, geti eigi komist á af ástæðum, sem prestum er ósjálfráðar.

Það er því meiri ástæða til þess að verða við þessari sanngirniskröfu, sem uppfylling hennar sennilega þarf eigi að kosta landssjóð mjög mikið. Eftir því sem biskup skýrir frá, verða í fardögum næstu ekki fleiri af prestum landsins sextugir en 15. Af þeim býst hann við að 7 mundu njóta góðs af breytingu þeirri, er farið er fram á. Hinir eru annaðtveggja komnir undir ákvæði hinna nýju launalaga, eða sitja í þeim prestaköllum, sem gefa eins mikið af sjer eins og launin eftir nýju lögunum yrðu eða meira. »Kostnaðaraukinn fyrir landssjóð eða prestlaunasjóð«, segir biskup, »gæti til að byrja með ekki farið fram úr 3500 kr., svo jeg nefni hið hæsta. Og sá kostnaðarauki fer eftir eðli sinu minkandi og hverfur innan skams«.

---